

## **6. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 5. maí 2010, kl. 16.00, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.**

**Mættir eru:** Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Sólveig Jónsdóttir, fjölmiðlafulltrúi, og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

### **1. Fundargerðir**

Fundargerð 5. fundar frá 8. apríl 2010 samþykkt.

### **2. Norræna kvöldið á Gymnastrada 2011**

Á síðasta stjórnarfundum var samþykkt að fulltrúar sambandsins á fundi framkvæmdastjóra og formanna norrænu fimleikasambandanna (NGM) í Helsinki myndu kanna hvort hægt væri að lækka fastan kostnað við norræna kvöldið. En fremur var samþykkt að ef það næðist ekki yrðu fulltrúar FSÍ á fundinum að tilkynna að sambandið hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til að taka þátt í norræna kvöldinu árið 2011.

Málið rætt

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu fundinn. Umræður um norræna kvöldið fór fram eftir að formlegum fundi lauk. Ekki var hljómgrunnur til þess að lækka þá upphæð sem þegar hefur verið kynnt. Formaður FSÍ gerði grein fyrir því að Ísland sæi sér því ekki fært að vera með að þessu sinni. Ákvörðun Íslands mætti miklum skilningi.

Framkvæmdastjóra falið að tilkynna nefnd um fimleika fyrir alla um afgreiðslu málsins.

### **3. Þing Alþjóða fimleikasambandsins**

Dagana 26. október til 1. nóvember 2010 verður þing Alþjóða fimleikasambandsins haldin í Vysoky Tatry í Slóvakíu. Dagskrá fundarins liggur fyrir.

Málið rætt.

Stjórn ákveður að senda Birnu Björnsdóttur og Þorgerði Diðriksdóttur sem fulltrúa FSÍ á fundinn. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna um þátttöku og hefja nauðsynlegan undirbúning.

### **4. Alþjóðlegt mót í áhaldafimleikum karla og kvenna**

Rætt hefur verið um að halda alþjóðlegt mót í áhaldafimleikum næst komandi haust á Íslandi, nánar tiltekið 11.-12. september. Til stendur að bjóða 5-7 þjóðum þátttöku. Mótið er hugsað sem æfingamót fyrir Heimsmeistaramótið í áhaldafimleikum sem verður í Rotterdam 17. október nk.

Málið rætt.

Ákveðið var að fela framkvæmdastjóra að kanna áhuga tækninefnda karla og kvenna. Sé áhugi fyrir mótinu hjá nefndunum verði áhugi fyrir þátttöku í mótinu kannaður hjá öðrum fimleikasamböndum.

### **5. Ólympíuleikarnir í London 2012**

FSÍ barst þann 15. apríl sl. bréf frá Andra Stefánssyni, sviðstjóra afrekssviðs Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, vegna Ólympíuleikanna í London 2012. Þar er fjallað um fjölmörg atriði sem snúa að undirbúningi fyrir þátttöku á mótinu.

Í svari framkvæmdastjóra FSÍ til Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, dags. 30. apríl sl., kemur fram að FSÍ muni hefja undirbúning vegna leikanna í þessum mánuði þegar stór hluti

tækninefna og þjálfara í áhaldafimleikum karla og kvenna hefur lokið vinnu og frágangi vegna stórmóta erlendis í mars og apríl sl.

Málið rætt.

Vinna þarf afreksstefnu fyrir áhaldafimleika karla og kvenna til ársins 2016 sem skila þarf að sér fyrir 1. júní nk. til stjórnar. Ákveðið var að skipa fimm manna undirbúningsnefnd til að vinna þá stefnu. Formaður og tengiliður nefndarinnar við stjórn verður Birna Björnsdóttir og framkvæmdastjóri verður starfsmaður nefndarinnar. Framkvæmdastjóri falið að óska eftir tilnefningu nefndarmanna frá tækninefndum karla og kvenna í áhaldafimleikum.

## **6. Ásýnd fimleikamóta**

Sólveigu og framkvæmdastjóra var falið að endurskoða/semja reglur um ásýnd fimleikamóta, framkomu iðkenda, þjálfara, mótshaldara og áhorfenda og skila til stjórnar fyrir næsta fund. Endurskoðar/nýjar reglur verði síðan kynntar í félögum og tækninefndum.

## **7. Mótaskrá FSÍ keppnistímabilið 2010 -2011**

Framkvæmdastjóri upplýsir að aukin áhugi er meðal aðildarfélaga að halda hóp fimleikamót en sama eigi ekki við með áhaldafimleikamóti. Framkvæmdastjóri kynnir bréf frá Fimleikafélagi Akureyrar sem bíður nýtt húsnæði félagsins fram til mótahalds í áhalda- og hóp fimleikum á næsta keppnistímabili.

Málið rætt

Framkvæmdastjóra og Sólveigu er falið fyrir næsta fund stjórnar að vinna drög að mótaskrá FSÍ á næsta keppnistímabili.

## **8. Erindi frá Gerplu – dómaramál í hóp fimleikum**

Borist hefur erindi frá Auði Ingu Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra Gerplu, dags. 4. maí 2010. Þar er þess óskað að FSÍ sjái af tveimur af þeim flugmiðum þeim sem ætlaðir voru fyrir dómara á Norðurlandsmótinu í hóp fimleikum í Finnlandi í mars sl., en eins og kunnugt er átti FSÍ að leggja til fjóra dómara á mótið. Þeir komust hins vega ekki á mótið frekar en keppendur vegna þess að flug var fellt niður vegna öskufalls úr Eyjafjallajökli. Í bréfinu kemur fram að mikilvægt sé fyrir íslenska dómara að fá þjálfun í að dæma eftir nýjum reglum í hóp fimleikum. Bent er á að íslenskir dómamar eru á leið til Danmerkur til dæma á danska meistaramótinu sem haldið verður í þessum mánuði. Á því móti fá þeir dómamar dýrmæta reynslu enda Danir í fremstu röð í hóp fimleikum eins og segir í bréfinu. Í lok bréfsins segir að ef FSÍ samþykki að greiða flugmiða (fargjald Ísland-Danmörk-Ísland) fyrir tvo dómara frá Gerplu á mótið er því lofað að þeir dómara muni miðla þekkingu sinni og undirbúa öll íslensku lið sem keppa á Evrópumótinu nk. haust fyrir mótið.

Málið rætt.

Samþykkt er að FSÍ borgi fargjald (flugmiða Ísland-Danmörk-Ísland) fyrir tvo dómara frá Gerplu á Danska meistaramótinu sem fram fer í þessum mánuði. Gerð er krafa um að þeir tveir dómamar hafi réttindi sem alþjóðlegir dómara og að þeir upplýsi og leiðbeini öllum þjálfurum þeirra liða sem keppa á Evrópumótinu nk. haust sem og þeim dómurum sem FSÍ mun senda til að dæma á því móti.

## **9. Mótahald í apríl sl.**

Stjórn FSÍ þakkar öllum þeim sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd eftirtaldrá móta:

Íslandsmótið í hóp fimleikum, fyrri hluti, sem fimleikadeild UMF Selfoss hélt 10. apríl sl. á Selfossi.

Íslandsmótið í hóp fimleikum, síðari hluti, sem Stjarnan hélt 23. og 24. apríl sl. í Garðabæ.

Mílanómeistaramót í áhaldafimleikum sem fimleikafélagið Björk hélt 17. og 18. apríl sl. í Hafnarfirði.

Stjórn þakkar Ríkissjónvarpinu og Mílu fyrir stuðninginn.

### **10. Árangur á mótum erlendis**

Stjórn FSÍ óskar keppendum til hamingju með árangur á Norðurlandamótinu í áhaldafimleikum. Verðlaunahöfum voru afhent blóm frá stjórn FSÍ á Mílanómótinu. Í fyrsta sinn frá 2004 á Ísland lið á palli á Norðurlandamóti fullorðinna í áhaldafimleikum. Tinna Óðinsdóttir var Norðurlandameistari á slá, Dóra S. Guðmundsdóttir fékk silfur á gólfi og Dominiqua Belanyi brons á tvíslá.

Karlaliðið lenti í 4. sæti í liðakeppni og Viktor Kristmannsson í 4. sæti í fjölþraut. Stjórn óskar keppendum á Evrópumótinu í áhaldafimleikum til hamingju með árangurinn. Dómurum, þjálfurum og fararstjórum eru þökkúð störf á erlendu mótunum.

Stjórn harmar að öskufall úr Eyjafallajökli hafi komið í veg fyrir að jurnorlið Gerplu og Selfoss hafi ekki komist á Norðurlandamótið í apríl sl.

### **11. Til kynningar**

**a. Skýrsla fararstjóra FSÍ á Evrópumóti karla í áhaldafimleikum.** Skýrsla Davíðs Ingasonar, fararstjóra, vegna Evrópumótsins sem fram fór 20. – 25. apríl sl. lögð fram.

**b. NGM, fundur formanna og framkvæmdastjóra norrænu fimleikasambandanna**  
Fundurinn átti að vera 15. og 16. apríl í Helsinki en dagskráin var öll færð yfir á einn dag. Af hálfu FSÍ sótti formaður og framkvæmdastjóri fundinn. Lögð er fram fundargerð ásamt minnispunktum formanns og framkvæmdastjóra af fundinum. Fram kom á fundinum að vilji er fyrir áframhaldandi samstarfi norðurlandanna

c. Bréf hefur borist frá tækninefndi í hóp fimleikum þar sem fram kemur tillaga um skipan þjálfarateymi fyrir landslið juniora á Evrópumótinu í hóp fimleikum í Svíþjóð næstkomandi haust.

Í bréfinu er einnig listi yfir þátttakendur á landsliðsæfingu 1. maí sl. Einnig kemur fram að þann 25. maí nk. verði 25 manna lið tilkynnt og að þann 1. september nk. verði 16 manna lið tilkynnt..

Fundargerð lesin upp og staðfest af fundarmönnum.

Fundi slitið kl. 18.30.

Ragnheiður Thorlacius,  
ritar fundargerð.